

Viðburðir í eða á vegum Safnahúss 2015

Boðið var upp á Ljósmyndadag Safnahúss alla fimmtudaga jan-apríl og sept-des eða samtals 33fimmtudaga á árinu.

Boðið var upp á fastar ljósmyndasýningar einu sinni í mán. á Hraunbúðum, að jafnaði fyrsta miðvikudag í mánuði, eða í samráði við Sólrúnu Gunnarsdóttur. Alls 11 sinnum alls á árinu.

Boðið var upp á 5 kynningar á fjársjóðum Safnahúss á Hraunbúðum á árinu.

Kvikmynd Heiðars Marteinsonar: Gosið og uppbyggingin í Eyjum sýnd daglega frá 12. maí til loka september, sýningafjöldi á dag fór eftir eftirspurn.

Einstakir viðburðir:

10. janúar: Prettándinn. Einarsstofa, kl. 13. Opnun myndlistarsýningar Jóhönnu Erlendsdóttur. Unnið í samstarfi við barnabörn Jóhönnu.
10. janúar: Prettándinn. Sagnheimar, bryggjan kl. 13:30: Barnadagskrá. Georg víkingur segir frá lífi víkinga og veitir verðlaun í myndakeppni Sagnheima um Vilborgu og hrafninn, samstarfsverkefni Grunnskóla og Sagnheima. Kolbrún Harpa Kolbeinsdóttir kynnir og les upp úr nýrri sögu sinni, *Silfurskrínið*, fyrir börn á öllum aldri
2. febrúar: Einarsstofa kl. 17: Opnun myndlistarsýningar í minningu Ólafar Waage.
12. febrúar: Sagnheimar, Pálsstofa kl. 12: Saga og súpa: Dr. Árni Björnsson þjóðháttufræðingur fjallar um siði og þjóðtrú tengdar þorra.
21. febrúar: Einarsstofa kl. 17: Myndlist vestmannaeyskra kvenna, sýning á úrvali þeirra verka eftir konur sem til eru í Safnahúsi.
19. mars: Sagnheimar, Pálsstofa kl. 12: Saga og súpa: Guðbjörg Matthíasdóttir athafnakona flytur erindi um konur í atvinnulífi.
19. mars. Einarsstofa. Opnun Hönnunarsýningar Ásdísar Loftsdóttur.
21. mars. Sagnheimar, bryggjan kl. 13: Konur og bókmenntir í 100 ár. Samstarfsverkefni Sagnheima og Framhaldsskólans.
1. apríl: Skírdagur. Einarsstofa kl. 17: Opnun myndlistarsýningar Sigurdísar Hörpu Arnarsdóttur.
15. apríl. Einarsstofa kl. 17. Úr fórum kvenna. Samstarfsverkefni safna Safnahúss.

11. 23. apríl. Sumardagurinn fyrsti. Einarsstofa, kl. 11: Bæjarlistamaður kynntur.
Kl. 13: Málþing um sagnaarfinn okkar með þátttöku Vésteins Ólasonar, Einars Kárasonar og Guðna Ágústssonar.
12. 20. apríl. Einarsstofa kl. 17. Opnun ljósmyndasýningar Sísíar Högnadóttur: Valkyrjur.
13. 8. maí. Einarsstofa. Opnun á sýningunni: Ritlist verður myndlist, sýning nemenda í 8.-10. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja á afskrifuðum bókum bókasafnsins sem breytast í listaverk.
14. 14. maí. Uppstigningardagur. Einarsstofa kl. 17. Opnun sýningar á verkum 17 bútasaumskvenna úr Eyjum.
15. 17. maí. Íslenski safnadagurinn. Sagnheimar: Opnun sýningarinnar: Eyjakonur í íþróttum í 100 ár. Ávörp, tónlistaratriði íþróttakvenna og fyrirlestur Þórhildar Ólafsdóttur fyrirliða IBV í fótbolta kvenna.
16. 24. maí. Hvítasunna. Einarsstofa. Opnun á nýfundnum myndum Jóhönnu Erlendsdóttur (eftir sýningu á verkum hennar 10. jan. fundust fleiri myndir úr einkaeigu sem voru sýndar á stuttri sýningu).
17. 7. júní. Sjómannadagurinn. Einarsstofa kl. 17. Opnun á myndlistarsýningu Jóní Hjörleifs.
18. 17. júní. Lýðveldisdagurinn. Einarsstofa kl. 17. Opnun á myndlistarsýningu Bjarteyjar Gyldadóttur.
19. 17. júní. Lýðveldisdagurinn. Sagnheimar. Sigríður Lára Garðarsdóttir fjallkona krýnd og flytur ávarp sitt á Hraunbúðum og í íþróttahúsi.
20. 19. júní. Sagnheimar, kl. 17: Gunnhildur Hrólfsdóttir sagnfræðingur og rithöfundur flytur erindi og les upp úr bók sinni. Opnuð ný sýning í Sagnheimum: Þær þráðinn spunnu.
21. 25. júní. Einarsstofa. Opnun á myndlistarsýningu Laufeyjar Konnýjar.
22. 4. júlí. Goslok. Sagnheimar, bryggjan kl. 15:30. Einleikur Steinunnar Jóhannesdóttur, leikkonu og rithöfundar: Örlagasaga Hallgríms og Guðríðar.
23. 4. júlí. Goslok. Einarsstofa kl. 14. Opnun á myndlistarsýningu Kjuregej Alexöndru Argunovu
24. 16. júlí. Sagnheimar, Pálsstofa kl. 12. Saga og súpa. Dr. Þorsteinn Helgason flytur erindið: Tyrkjaránið 1627 – Píslarvætti í Rauðhelli og upprisa í Krosskirkju.
25. 30. júlí. Einarsstofa. Opnun á myndlistarsýningu Steinunnar Einarsdóttur.
26. 6. september. Einarsstofa. Atorkukonur. Málþing. Tveggja Eyjakvenna minnst: Kristínar Magnúsdóttur frá Litlabæ og Unu Jónsdóttur grasalæknis og skáldkonu. Tónlistaratriði. Opnuð farandsýning Kvenréttindafélags Íslands: Veggir úr sögu kvenna.

27. 7. október. Einarsstofa. Opnun á afmælisýningu fjölmiðlamannsins Sighvatar Jónssonar.
28. 15. október. Einarsstofa. Opnun á ljósmyndasýningu Rúnars Þórarinssonar.
29. 7. nóvember. Safnahelgi. Sagnheimar kl. 14: Landið mitt – ljóðið mitt. Sjö Eyjakonur kynna erlendar rætur sínar og lesa ljóð á móðurmáli sínu.
30. 7. nóvember. Safnahelgi. Sjóminjasafn Þórðar. Opnun á ljósmyndasýningu á sjákvartengdum mannlífs- og atvinnulífsmyndum Sigurgeirs í Skuld sem ekki hafa komið fyrir almenningssjónir fyrr.
31. 7. nóvember. Safnahelgi. Einarsstofa. Opnun á sýningunni 100 Eyjalistakonur í 100 ár. Um er að ræða samsýningu á verkum allt að 100 vestmannaeyskra kvenna í tilefni þess að í ár eru rétt 100 liðin frá því konur fengu fyrst kosningarétt.
32. 8. nóvember. Safnahelgi. Einarsstofa. Með Eyjar í hjarta og hjartað í Eyjum, dagskrá með völdum Eyjapeyjum og –pæjum af fastalandinu. Stutt erindi flytja: Einar Gylfi Jónsson, Þuríður Bernókusdóttir og Jón Berg. Tónlist: Helga og Arnór.
33. 19. nóvember. Einarsstofa. Opnun á myndlistarsýningu Þórðar Ben. Sveinssonar.
34. 3. desember. Einarsstofa. Afmælisdagskrá um Þórð Ben. Sveinsson brautryðjanda í íslenskri myndlistarsögu og Vestmannaeyja. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur flytur erindi um framlag Þórðar til myndlistarsögunnar.
35. 5. desember. Einarsstofu. Opnun á myndlistarsýningu Sigurðar K. Árnasonar.
36. 21. desember. Einarsstofa. Uppskeruhátíð Jólasveinaklúbbsins. Um 50 krakkar í 1.-5. bekk fengu afhent sérstök bókaskírteini með skemmtilegri dagskrá þar sem jólasveinninn kom í heimsókn ásamt fleirum.
37. 28. desember. Einarsstofa. Upphaf Heimaeyjagossins í lifandi myndum. Í tilefni af málverkasýningu Sigurðar K. Árnasonar var dagana milli jóla og nýárs sýndar heimildamyndir Sigurðar af upphafsdögum eldgossins í Heimaey. Myndirnar voru sýndar í samfelldu rennsli allan daginn.